

MENNTASTEFNA ÍSAFJARÐARBÆJAR

VIRÐING – ÁBYRGÐ – METNAÐUR – GLEÐI

Sköpun, gagnrýnin hugsun,
samskiptafærni og læsi í víðum skilningi



Upplýsingar fyrir
börn og fullorðna



ÍSAFJARÐARBÆR
isafjordur.is

Grunnskólinn á Ísafirði



Inngangur

Hlutverk skóla í samvinnu við heimilin er að stuðla að alhliða þroska nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífældri þróun. Í markmiðsgrein laga um grunnskóla segir:

„Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífældri þróun. Starfshættir grunnskóla skulu mótask af umburðarlyndi og kærleika, kristinni arfleifð íslenskrar menningar, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins.“

Þetta er sú grein grunnskólalaga sem nýtur mestrar athygli, enda tiltekur hún allt það helsta sem hafa þarf í huga í störfum í þágu nemenda. Markmiðsgrein laga um leikskóla er samhljóma:

„Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótask af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.“

Í lögum um leik- og grunnskóla er sveitarfélögum lögð sú skylda á herðar að setja almenna stefnu um leik- og grunnskólahlald í sveitarfélaginu og kynna hana fyrir íbúum þess. Á grundvelli þeirra laga gefur mennta- og menningarmálaráðuneytið út aðalnámskrár fyrir leik- og grunnskóla þar sem fagleg stefnumörkun um uppeldis- og menntunarhlutverk skólanna er útfærð nánar. Hvert sveitarfélag mótask stefnu út frá sínum áherslum, með lög og reglugerðir að leiðarljósi, og hefur þannig áhrif á skipulag skólastarfs. Grunnur þess texta sem birtist í inngangi hvers kafla í skólastefnu ísafjarðarbæjar á uppruna sinn í aðalnámskrá grunn- og leikskóla.

Skólastefna Ísafjarðarbæjar byggir einnig á þeim væntingum sem íbúar hafa og var mikið samráð haft við gerð hennar. Grunnigildi stefnunnar eru; **virðing, ábyrgð, metnaður og gleði.**

- Með **virðingunni** er átt við að allir eigi rétt á að láta sér líða vel í skólanum, fái að njóta sín sem einstaklingar og takast á við verkefni við hæfi. Jafnframt eru hverjum og einum lagðar þær skyldur á herðar að koma fram af virðingu við nemendur, starfsfólk skóla og aðra þá sem koma að starfi skóla á einn eða annan hátt.
- **Ábyrgð** liggur hjá öllum þeim sem að skólastarfi koma. Leggja skal á það áherslu að hver og einn taki ábyrgð á gjörðum sínum, hegðun og námi í samræmi við þroska.
- **Metnaður** í skólastarfi er mikilvægur og skal ávallt valin besta mögulega leið til framfara. Gæði náms er erfitt að mæla en árangur á samræmdum prófum er þó hægt að hafa til hliðsjónar og skal stefnt að því að grunnskólar sveitarfélagsins séu þar yfir landsmeðaltali.
- **Gleði** á að ríkja í skólastarfinu, því þar sem gleði og virðing ríkja er auðvelt að byggja upp metnað og ábyrgðarkennd.

Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti og upplýsingamiðlun beggja aðila. Foreldrar hafa rétt á að taka þátt í námi barnsins og í skólastarfinu almennt. Samkvæmt barnalögum teljast foreldrar fara með forsjá barns, þeir bera ábyrgð á uppeldi þeirra og á þeim hvílir sú skylda að börnin sæki skóla og séu eins móttækileg fyrir þeirri menntun sem skólinn býður og framast er unnt. Skólinn aðstoðar foreldra í uppeldishlutverkinu og býður tækifæri til menntunar. Hann á að vera til staðar fyrir fjölskyldur þannig að þær finni að þar séu allir velkomnir og að skólinn hafi metnað til að rækta þá einstaklinga sem í þá ganga.

Árið 2014 settu skólastjórnendur í Ísafjarðarbæ af stað verkefnið *Stillum saman strengi* sem hefur það markmið að bæta námsárangur í Ísafjarðarbæ með hagsmunum barna að leiðarljósi. Hluti af verkefninu felur í sér að fylgjast vel með alhliða þroska nemenda og veita stuðning við almennan þroska þeirra. Nemendur eru skimaðir reglulega frá 2-16 ára aldurs þar sem kannaður er málþroski, hreyfiþroski, lestrafærni og færni í stærðfræði. Þurfi að bregðast við er það gert með viðeigandi úrræðum. Sveitarfélagið hefur sett fram skýra ferla sem unnið er eftir þegar grunur vaknar um að þörf sé á stuðningi.

Endurskoðun á fyrri skólastefnu sveitarfélagsins hófst 2016, farið var í meiri vinnu en upphaflega var ráðgert og stefnan er því töluvert breytt eins og hún birtist hér. Endurskoðunin var í höndum fræðslunefndar sem skipaði stýrihóp til að vinna verkið. Hópurinn hafði samráð við alla aðila skólasamfélagsins meðal annars með íbúafundum.



Skólasamfélagið í Ísafjarðarbæ

Byggir á grunnþáttum aðalnámskrár leik- og grunnskóla og grunngildum stefnunnar **virðing, ábyrgð, metnaður og gleði**. Lögð er áhersla á **sköpun**, **gagnrýna hugsun, samskiptafærni og læsi** í víðum skilningi til að undirbúa nemendur til að takast á við áskoranir 21. aldarinnar.

Áhersla er lögð á skýr og mælanleg markmið sem nemendur skilja. Verkefni eru tengd markmiðum sem nemendur taka þátt í að meta.

Stefnan byggir á eftirfarandi áhersluatriðum:

- Lýðræðislegum starfsháttum
- Einstaklingsmiðuðu námi
- Jákvæðum skólabrag og góðu náms- og starfsumhverfi
- Framsækni í tæknimálum
- Sjálfstæði skóla og frjálsu vali um skóla
- Virku samstarfi heimilis, skóla og frístundastarfs
- Samþættum skóladegi þar sem svigrúm er fyrir tómstundir
- Fjölbreyttum tækifærum til tómstundaiðkunar, hreyfingar og útiveru
- Virkri símenntun starfsfólks
- Fjölpættri ráðgjafa og stoðþjónustu
- Ráðleggingum Lýðheilsustöðvar varðandi skólamötuneyti

Skólasamfélagið í Ísafjarðarbæ skal stuðla að:

Fjölbreyttri þjónustu við fjölskyldur þar til ungmenni hafa náð 18 ára aldri.

- Stefnt er að því að öll börn frá 12 mánaða aldri eigi kost á leikskóladvöl
- Stoðþjónusta á að vera skilvirk og góð
- Skímanir eru lagðar fyrir nemendur allt frá leikskóla til loka grunnskóla
- Fylgst er með stöðu nemenda og komið til móts við margbreytilegar þarfir þeirra
- Reglulega eru gerðar kannanir á högum og líðan nemenda og unnið með niðurstöður þeirra
- Framboð af fjölbreyttu íþrótt- og tómstundastarfi miðar að því að mæta þörfum nemenda og fjölskyldna þeirra
- Skóladagatal leik- og grunnskóla er samræmt eftir því sem kostur er
- Reglulega eru gerðar foreldrakannanir og unnið með niðurstöður þeirra
- Í sveitarfélaginu eru reknir öflugir skólar sem bjóða upp tónlistarnám og ýmislegt annað listnám
- Gott samstarf er á milli skóla í sveitarfélaginu
- Jöfn tækifæri eru til þátttöku í skólastarfi



Sköpun

Sköpun er mikilvægur grunnur að því að horfa til framtíðar og móta sér framtíðarsýn, taka þátt í mótun lýðræðissamfélags og skapa sér hlutverk innan þess. Sköpun er að uppgötva, njóta, örva forvitni og áhuga, virkja ímyndunarafl og leika sér með möguleika. Að skapa er að fara út fyrir mengi hins þekkta og þar með auka þekkingu sína og leikni. Nám á sér stað þegar einstaklingur vinnur með áreiti, tengir það fyrri þekkingu og skapar nýja. Þannig er menntun í rauninni sjálfssköpun, leið upplýsts einstaklings til að verða „meira í dag en í gær“. Sköpunarþrá á sér rætur í meðfæddri forvitni og athafnaþrá og stuðlar að frumkvæði einstaklingsins. Sköpunargleði leiðir til námsáhuga þegar börn og ungmenni skynja merkingu viðfangsefnanna og gildi þeirra.

Í skólasamfélaginu okkar:

- Er lögð áhersla á að flétta sköpun inn í allt nám
- Eru tækifæri fyrir nemendur til að taka þátt í fjölbreyttum verkefnum sem hvetja til skapandi og sjálfstæðrar hugsunar
- Er skólalóðir hvetjandi til leikja
- Eru fjölbreytt tækifæri til tómstundaíðkunar, hreyfingar og útiveru
- Er fjölbreytt mat notað til að mæla gæði skólastarfsins
- Er lögð áhersla á samþættingu námsgreina



Gagnrýnin hugsun

Gagnrýnin hugsun er ein meginstoð almennrar menntunar og lykilatriði í lýðræðismenntun. Mikilvægt er að auka hæfni nemandans til að greina eigin þekkingu og leikni með því að bera saman, finna samband, einfalda, draga ályktanir og rökstyðja og byggist sú greining á gagnrýnni hugsun og faglegri ígrundun. Líta má á gagnrýna hugsun sem tæki sem hjálpar nemendum að móta hugmyndir og skoðanir og geri þeim jafnframt kleift að vera meðvitaðir um ólíkar aðstæður og hvernig bregðast megi við þeim.

Í skólunum okkar:

- Er lögð áhersla á gagnrýna hugsun, lífsgleði og jákvæðan skólabrag
- Er lögð áherslu á lýðræðislega starfshætti og tryggt að raddir foreldra og barna heyrir
- Er áhersla á andlegt og líkamlegt heilbrigði og virk forvarnarstefna
- Eru niðurstöður úr mati notaðar til að bæta skólastarfið
- Er fagmennska í fyrirrúmi og fagþekking hvers og eins nýtt eins og best verður á kosið
- Er starfsánægja mæld með reglubundnum hætti
- Er virk símenntunarstefna



Samskiptafærni

Nútímasamfélag gerir margar og oft mótsagnakenndar kröfur til þegnanna. Hlutverk skólakerfisins er meðal annars að búa einstaklinginn undir áskoranir og verkefni daglegs lífs og hjálpa honum að fóta sig í flóknu samhengi náttúru og samfélags, hluta og hugmynda. Hæfni er þannig meira en þekking og leikni, hún felur einnig í sér viðhorf og siðferðisstyrk, tilfinningar og sköpunarmátt, félagsfærni og frumkvæði. Mikilvægt er að einstaklingar átti sig á hvað felst í því að búa í samfélagi með öðrum og öðlist hæfni til að vera virkir þátttakendur í lýðræðislegu samfélagi í samræmi við réttindi sín og skyldur.

Í skólunum okkar:

- Er einelti eða ofbeldi í annarri mynd ekki liðið
- Er unnið með markvissum hætti að eflingu sjálfsvirðingar og sjálfsábyrgðar
- Er lögð áhersla á umburðarlyndi og skilning á sérstöðu einstaklingsins
- Er lögð áhersla á að öllum líði vel og unnið með jákvæðni og gleði að leiðarljósi
- Eru notaðar fjölbreyttar kennsluaðferðir og lögð áhersla á nám sem eflir leiðtogafærni
- Er lögð áhersla á góð og regluleg samskipti heimilis og skóla
- Er lögð áhersla á að nemendur öðlist færni til að vinna saman
- Er samvinna á milli bekkja, árganga og skóla og skólástiga
- Er lögð áhersla á samnýtingu fagþekkingar og mannauðs milli skóla
- Er lögð áhersla á jákvæð og uppbyggileg samskipti og samstarf við aðra einstaklinga



Læsi í viðum skilningi

Megin markmið læsis er að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Læsi felur meðal annars í sér læsi á umhverfi, til þekkingaröflunar, við lausn verkefna, tæknilæsi og læsi á ólíkar aðstæður. Þó verkfærum, sem nota má í skólastarfi hafi fjölgað, dregur það þó engan veginn úr mikilvægi ritunar og lesturs í hefðbundnum skilningi. Sem fyrr skiptir miklu máli að börn nái tökum á tiltekinni lestrar- og ritunartækni en athyglin beinist nú jafnframt að allri þeirri tækni sem nemendur geta notað í samskiptum, námi og merkingarsköpun – í þágu sjálfra sín og samfélagsins.

Í skólunum okkar:

- Er unnið að því að auka skilning nemenda á því hversu fólk er ólíkt og mikilvægi þess að bera virðingu fyrir fjölbreytileika mannlífs og menningar
- Er áhersla á að nemendur læri í gegnum leik alla skólagönguna
- Er nemendum gefið tækifæri til að rækta móðurmál sitt
- Er unnið að því að efla virðingu nemenda fyrir umhverfi
- Er unnið í takt við hraða þróun í upplýsingatækni
- Er lögð áhersla á að nýta styrkleika svæðisins og sérkenni
- Er sveigjanleiki til að takast á við málefni líðandi stundar



Stoðþjónusta skólasamfélagsins

Mikilvægt er að sveitarfélagið hafi á að skipa fjölþættri stoðþjónustu sem styður alla þá sem að skólasamfélaginu koma í að tryggja margbreytilegum hópi nemenda nám við hæfi. Áhersla er lögð á að efla skóla sem faglegar menntastofnanir og gera þær færar um að leysa flest þau viðfangsefni sem upp koma í starfinu.

Það verður gert með því að tryggja:

- Gott aðgengi foreldra og starfsfólks að fjölbreyttri ráðgjafa- og sérfræðiþjónustu
- Eftirfylgni með börnum á öllum skólastigum
- Að þjónusta við börn og ungmenni sé veitt innan skólans sé þess nokkur kostur
- Framsækna og metnaðarfulla endurmenntun starfsmanna í takt við líðandi stund

Samþykkt í bæjarstjórn xx. maí 2019





ÍSAFJARÐARBÆR
isafjordur.is